



SKIPULAGSUPPDRÁTTUR
1:2000

# HEIMA Á HÖFN

## HEILDARSÝN

Í tillögunni Heima á Höfn hefur líðan og heilsa heimilisfólks verið höfð að leiðarljósi. Lagt var upp með að skapa notalegt og heimilislegt umhverfi, þar sem íbúar geta auðveldlega átt samskipti sín á milli og notið samveru, en jafnauðveldlega dragið sig í hlé þegar þess er óskað. Til viðbótar var lagt kapp á að þetta geti orðið skemmtilegur, hagkvæmur og heilbrigður vinnustaður fyrir allt starfsfólk sem kemur að umönnun og annarri þjónustu. Vegna óvenjulega fallegrar staðsetningar lóðarinnar var einnig lagt kapp á að skapa stór, skjólgóð og aðlaðandi sameiginleg útirými fyrir íbúana, þar sem þeir geta notið útsýnis og útiveru.

## INNGRIP OG INNRA SKIPULAG

Lagt var upp með að jarðrask verði sem minnst á lóðinni og er nýbygginging því að hluta til á tveimur hæðum og að hluta til á einni hæð í samræmi við hæðarlegu landsins. Vesturálmu núverandi Skjólgarðs er breytt þannig að öll suðurhlið þess hluta er tekin upp undir sameiginlegt rými heimilisfólks einnar einingar. Fjögur ný herbergi eru gerð með útsýni til vesturs yfir jöklana, tvö og tvö saman með stórar svalir á milli. Svalirnar eru í beinu flútti við stofuna og skapa tengingu við hafið inn í stofu á efri hæð. Sambærilegu skipulagi er fylgt, spegluðu, í nýbyggingu á tveimur hæðum sunnan við Skjólgarð með tengingu sem myndar hringrás, ólíkt því sem finnst í núverandi byggingum, þar sem allir gangar enda í botnlanga. Er þessu hringrásar skipulagi komið á til að lágmarka skrefafjölda starfsmanna og ýta undir tengsl og samgang milli íbúa eininganna.
Með tilkomu viðbyggingarinnar verður einnig til inngarður á tveimur hæðum í miðju hjúkrunarheimilisins, sem allar stofurnar hafa útsýni yfir og tvær þeirra hafa beint aðgengi að. Núverandi aðalinngangur, tröppur og lyfta eru öll óbreytt, á sama stað, en strax og komið er inn taka við sjúkrarými og kapella, þar sem áður var eldhús ásamt skrifstofum og fundarherbergjum stjórnenda.
Í austasta anga núverandi húsnæðis Skjólgarðs (ásamt ganginum sem komið er fyrst inn á) er öllum rýmum komið fyrir sem utanaðkomandi gætu þurft að sækja í, s.s. dagdvöl, sjúkraþjálfun, snyrtistofa, böð o.fl. Iðjuþjálfun og sjúkraþjálfun hafa verið sameinuð í eitt stórt rými andspænis dagdvöl og öll þessi rými, ásamt ganginum á milli þeirra verður hægt að sameina í eitt, mjög stórt rými, þ.e. fjölnotasalinn.
Núverandi kjallari Skjólgarðs hefur einnig verið endurskipulagður, með áherslu á lágmarks tilfærslu á veggjum og þannig að hann henti framtíðar áformum stofnunarinnar. Þar hefur verið komið fyrir líkhúsi, þvotta- og skolrýmum, ásamt geymslu fyrir tæki, teiknirými og sorp. Nýr tengingangur er gerður í kjallaranum við neðri hæð nýbyggingarinnar, sem einnig tengist við sérútgang á neðri hæð, þar sem hægt er að koma bílum að og greint verður nánar frá því hér að neðan.

## SMÁVÆGILEGIR MISMUNIR

Þegar kemur að sameiginlegum rýmum heimilismanna kemur eitt megin inntak tillögunnar í ljós. Áhersla hefur verið lögð á að öll þrjú rýmin séu ekki nákvæmlega eins, heldur að þau séu hönnuð þannig að þau séu jöfn að gæðum, en innbyrgðis séu smávægilegir mismunir sem skilja þau að og gefa þeim ólíka kosti. Er þetta hugsað sem tækifæri fyrir stjórnendur stofnunarinnar að nýta deildirnar fyrir fólk með mismunandi þarfir, en einnig skapar þetta uppbrot fyrir heimilsmenn og starfsfólk gegn of einsleitu umhverfi sem annars vill oft verða of stofnanalegt að yfirbragði.
Tvö þessara sameiginlega rýma eru t.d. á efri hæð og eitt þeirra á neðri. Tvö þeirra eru með aðgengi að miðlægum garði en ekki ekki eitt þeirra. Tvö þeirra hafa sömuleiðis tengingu beint við göngustígana sem liggja meðfram ströndinni, en það þriðja fær stórar svalir. Tvö þeirra fá náttúrulega birtu sína frá norðri en eitt þeirra frá suðri og svona mætti áfram telja.
Með heimilislegri lýsingu og innréttingum munu þessi rými verða þægilegir og hljóðlátir íverustaðir í góðum tengslum við hverja íbúð. Tilfinning hvers íbúa verður því þannig að honum finnist hann ekki vera að koma inn á gang þegar hann yfirgefur íbúðina sína heldur gangi beint inn í eitthvað sem er líkara stofu eins og er oft á íslenskum heimilum.

## ÚTIRÝMI

Breytingarnar á lóðinni felast helst í inngarðinum en einnig er sú breyting frá fyrri áformum, að halda í innkeyrsluna, sem nú þegar liggur inn á lóðina og tengja hana beint í þjónustuinngang sem er staðsettur undir framreiðslueldhúsinu, á efri hæðinni. Auk þess að geta þjónustað eldhúsið í vondum veðrum, mun þessi inngangur einnig nýtast fyrir sorpbíla, sjúkra- og líkbíla. Öll almenn umferð verður áfram um aðalinngang, og verður einnig hægt að nota ganginn sem tengir Skjólgarð og Heilsugæsluna í því skyni, en einnig hefur verið komið fyrir þjónustuinngangi fyrir eldhúsið á efri hæð, í tengslum við aðalinnganginn.

## UPPBYGGING, EFNI OG ÁFERÐIR

Útveggir og burðarkerfi nýbyggingarinnar verða gerðir úr steypu, á steyptum grunni, líkt og forverar hennar. Veggirnir verða einangraðir að utan, með múráferð á neðri hæðinni en efri hæðin verður timburklædd. Helstu einkenni byggingarinnar verða timburstoðir, sem raðast þétt, lóðréttar á þá útveggi sem vísa út (þ.e. ekki í inngarði) og ganga stoðirnar yfir báðar hæðirnar, hæst 6,7 m. Mun sú klæðning hafa hlýlegt yfirbragð yfir sér og skapa skemmtilegt samspil ljóss og skugga allan ársins hring. Þök verða gerð úr timbri, timburklædd en allir nýir gluggar verða gerðir úr áli. Öll einkasalerni á efri hæð munu hafa þakglugga, sem vísar ýmist í norður eða austur. Innveggir og loft verða gipsklædd og parket á flestum gólfum.

3145322




GRUNNMYND EFRI HÆÐAR
1:200



GRUNNMYND NEÐRI HÆÐAR
1:200

LYKILL

1. Íbúð með baðherbergi - 840 m² (30)
2. Borðstofa, setustofa, eldhús - 300 m² (3)
3. Starfsmannaaðstaða og lyfjaherbergi - 48 m² (3)

4. Skol og þvottur - 32 m² (3)
5. Geymslurými - skápar (3)
6. Gestasalerni - 12 m² (2)
7. Ræsting - 10 m² (3)

8. Skrifstofur - 13 m²
9. Fundarherbergi - 13 m²
10. Búningsaðstaða starfsfólks - 23 m²

11. Framreiðslueldhús - 46 m²
12. Geymsla fyrir hjálpartæki - 13 m² (2)
13. Sorpgeymsla - 14 m²
14. Sjúkraþjálfun - 60 m²
15. Iðjuþjálfun - 30 m²
16. Tæknirými - 24 m²

17. Sjúkrarými 1 m - 30 m² (2)
18. Sjúkrarými 2 m - 20 m²
19. Dagdvöl m. baðaðstöðu - 41 m²
20. Fjölnotasalur - 78 m²
21. Hárgreiðsla/Fótsnyrting - 21 m²
22. Kapella - 23 m²
23 Líkhús - 17 m²

Samtals Nettóflatarmál 1.709 m²
Samtals Brúttóflatarmál 2.245 m²



ÚTLIT AUSTURHLIÐAR
1:200



SNIÐ A-A
1:200



INNGARÐUR MEÐ TENGINGU VIÐ HAFIÐ

Hægt verður að ganga beint út að hafi úr inngarðinum, en hann verður á tveimur hæð og tengir öll sameiginlegu rými heimilisfólks saman.

3145322



Borðstofa og setustofa og eldhús í beinni tengingu við lokaðan inngarð.



Svalir í tenglsum við sameiginleg rými eru báðum megin á efri hæð.



Lítil kapella með stóra glugga sem snúa út að inngarði.



Skásnið af efri hæð, ekki í mælikvarða.



## SKIPULAG

Í stað ganga sem enda í botnlöngum er lagt upp með umferðarðarrýmum verði komið fyrir í hring, sem loks myndar skjólgóðan inngang.



## ÍBÚÐIR

28 m² íbúðir með salerni og innréttingum. Náttúruleg lýsing spilar stórt hlutverk innan sem og utan hverrar íbúðar. Auðvelt er að gera sitt heimili að sínu.

3145322



Suður- og vesturhliðar byggingarinnar í rökkri.



AFSTÖÐUMYND
1:500



SNIÐ B-B
1:200



ÚTLIT VESTURHLIÐAR
1:200



ÚTLIT NORÐURHLIÐAR
1:200



ÚTLIT SUÐURHLIÐAR
1:200

3145322